

B Ó K U N

við samning milli fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Seðlabanka Íslands um framkvæmd á veitingu ábyrgða gagnvart lánastofnunum vegna viðbótarlána þeirra til fyrirtækja vegna heimsfaraldurs kórónuveiru

Hinn 17. apríl 2020 var undirritaður samningur milli fjármála- og efnahagsráðherra og Seðlabankans um að Seðlabankinn annist framkvæmd á veitingu ábyrgða ríkissjóðs gagnvart lánastofnunum vegna viðbótarlána þeirra til fyrirtækja vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.

Í grein 5.3 samningsins segir: „Viðbótarlán með ábyrgð ríkisins skulu veitt á árinu 2020. Ábyrgð ríkissjóðs fellur niður að 18 mánuðum liðnum frá veitingu lánsins. Sé fyrirsjáanlegt að verulegra efnahagslegra áhrifa vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, sem forsendur samnings þessa byggjast á, muni enn gæta að þeim tíma liðnum, hefur ráðherra heimild til að framlengja hámarksábyrgð ríkisins um 12 mánuði að höfðu samráði við fjárlaganefnd Alþingis. Skal þá framlengingin og grundvöllur hennar sett fram í sérstakri bókun við samning þennan.“

Að mati fjármála- og efnahagsráðherra liggur þegar fyrir að fyrirsjáanlegt sé að verulegra efnahagslegra áhrifa vegna heimsfaraldurs kórónuveiru muni enn gæta að 18 mánuðum liðnum:

- Alþjóðlegur efnahagsbati verður mun hægari en áður var gert ráð fyrir. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gerði ráði fyrir í hagspá sinni sem birt var um miðjan apríl að heimshagkerfið muni dragast saman um 3% árið 2020 en í mars taldi OECD að stöðnun yrði í heimshagkerfinu í ár í svartari sviðsmynd stofnunarinnar.
- Stór evrópsk flugfélög hafa lýst því yfir undanfarna daga að það muni taka þau mörg ár að ná fyrra umfangi. Neikvæð áhrif á ferðaþjónustuna, stærstu útflutningsgrein hagkerfisins, verða því meiri en áður var talið.
- Útlit er fyrir að atvinnuleysi verði af þessum sökum meira og langvinnara en talið var áður. Í nýlegri sviðsmynd fjármála- og efnahagsráðuneytisins er gert ráð fyrir að það geti enn verið 7,5% árið 2021 og lækki hægt þar eftir.

Með vísan til þessa framlengir fjármála- og efnahagsráðherra hámarksábyrgð ríkisins um 12 mánuði og fellur ábyrgð ríkissjóðs vegna viðbótarlána því niður að 30 mánuðum liðnum frá veitingu slíks láns.

Bókun þessi, sem er rafrænt undirrituð, tekur þegar gildi.

Reykjavík, 6. maí 2020

Bjarni Benediktsson,
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs Íslands.